

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 167/1958. **Jóhanna Bjarney Júníusdóttir Rise**

(Geir Hallgrímsson hrl.)

gegn

Guðmundi Jónassyni og Þórunni Tómasdóttur (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Synjað kröfu um töku barns úr fóstri.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1958 og krafizt þess, að hinum áfrýjanda úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að taka barn hennar, Kolbrúnu Þórunni, af stefndu og fá henni umráð þess. Hún krefst og, að stefndu verði dæmt að greiða henni in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjandi úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Því hefur verið lýst hér fyrir dómi, að áfrýjandi, sem gift er bandarískum atvinnuhermanni, hafi öðlazzt bandarískt ríkisfang. Eigi hefur verið borið undir Dómmálaráðuneyti, hvort hinar breyttu ástæður áfrýjanda skuli hafa áhrif á foreldravaldið yfir barninu Kolbrúnu Þórunni, sbr. 2. mgr. 78. gr. laga nr. 39/1921. Barnaverndarráð hefur í umsögn 3. október þ. á lagt eindregið til, að Kolbrún Þórunn verði látin dveljast fyrst og sinn hjá ömmu sinni, stefndu Þórunni Tómasdóttur. Með tilvísun til atriða þessara þykja eigi vera efni til að svo stöddu að taka kröfu áfrýjanda í málinu til greina. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fúgetaréttar Árnassýslu 1. nóvember 1958.

Ár 1958, laugardaginn 1. nóvember, var í fúgetadómi Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af hinum reglulega fúgeta, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. 4/1957: Jóhanna Bjarney Júníusdóttir Rise gegn Þórunni Tómasdóttur og Guðmundi Jónassyni.

Mál þetta var tekið til úrskurðar eftir munnlegan flutning þess hinn 18. október s.l. Gerðarbeiðandi, Jóhanna Bjarney Júníusdóttir Rise, Birkiteig 14 í Keflavík, krefst þess, að henni verði með beinni fúgetagerð fengin umráð dóttur hennar, Kolbrúnar Þórunnar Guðmundsdóttur, sem dvelur hjá föðurömmu sinni, Þórunni Tómasdóttur, Garðhúsum á Stokkseyri. Jafnframt er gerðinni beint að föður barnsins, Guðmundi Jónassyni, Njálsgötu 52 A í Reykjavík. Þá krefst gerðarbeiðandi einnig málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþolar krefjast þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og að gerðarbeiðandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að gerðarbeiðandi og gerðarþoli Guðmundur Jónasson stofnuðu til hjúskapar á árinu 1950, en höfðu þá búið saman um hríð. Hinn 30. desember 1950 fæddist þeim dóttir, sem hlaut nafnið Kolbrún Þórunn. Hjónin bjuggu næstu ár á nokkrum stöðum í Reykjavík, að því er virðist við lélegan húsakost. Þau virðist hafa slitið samvistum á árinu 1954, og fylgdi barnið Kolbrún Þórunn þá móður sinni, unz það varð að samkomulagi með þeim hjónunum haustið 1955 að koma barninu til dvalar hjá móður Guðmundar, gerðarþola Þórunni Tómasdóttur, sem þá bjó og býr enn í Garðhúsum á Stokkseyri.

Hinn 22. desember 1955 veitti dómsmálaráðuneytið þeim gerðarbeiðanda og gerðarþola Guðmundi leyfi til lögskilnaðar. Sótti maðurinn um skilnaðinn vegna hjúskaparbrotts konunnar, en hún viðurkenndi brotið. Ákveðið var, að gerðarbeiðandi hefði forræði einkadóttur þeirra, Kolbrúnar Þórunnar, en engin breyting varð við það á dvalarstað barnsins. Hinn 14. febrúar 1956 giftist gerðarbeiðandi varnarliðsmanninum Richard Rise og fluttist með honum vestur um haf 8. apríl sama ár. Um sumarið

1956 virðast þau hjónin, gerðarbeiðandi og eiginmaður hennar, hafa leitað upplýsinga um hvaða formsatriðium þyrfti að fullnægja til þess að barnið fengi að flytjast til Bandaríkjanna til þeirra og í ársbyrjun 1957 virðast þau hafa sótt til yfirvalda í Bandaríkjunum um nauðsynlegt leyfi til þess að barnið fengi að fara þangað. Svo virðist, að þau leyfi hefðu getað fengizt á miðju því ári. Gerðarbeiðandi kom síðan hingað itl lands í ágúst-byrjun 1957 til þess að sækja barnið.

Gerðarþoli Guðmundur virðist hafa eindregið lagzt gegn því að barnið yrði afhent gerðarbeiðanda, og gerðarþoli Þórunn neitaði að afhenda það.

Með bréfi, dagsettu 8. ágúst 1957, fór gerðarbeiðandi þess þá á leit, að barnið yrði tekið úr umsjá gerðarþola Þórunnar og afhent henni með beinni fúgetagerð.

Málið var sent Barnaverndarráði Íslands til umsagnar hinn 14. ágúst 1957. Í umsögn ráðsins, sem er dagsett 19. september 1957, segir svo: „Ráðið hefur kynnt sér mál þetta og telur rétt, að Kolbrún Þórunn Guðmundsdóttir dveljist áfram hjá Þórunni Tómasdóttur, ömmu sinni, og verði ekki skipt um dvalarstað Kolbrúnar án samþykkis ráðsins.“

Gerðarbeiðandi og eiginmaður hennar fluttu hingað til lands, að því er virðist í byrjun marzmánaðar 1958, og stofnuðu heimili að Kirkjuvegi 36 í Keflavík, en maðurinn er í þjónustu varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi. Barnaverndarnefnd Keflavíkur skoðaði heimili þeirra nokkru síðar, og segir svo í vottorði nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 1958: „Heimilið er snyrtilegt og hreinlegt, en ekki ríkmannlegt, enda eru þau hjónin nýkomin frá Bandaríkjunum og hafa lítið fengið sér af húsgögnum ennþá. Íbúðin er rúmgóð og björt, tvær stórar stofur, svefnherbergi og eldhús. Þau hjónin eru reglusöm og samkvæmt eigin umsögn neytir hvorugt ánfengis.“

Í sambandi við beiðni eiginmanns gerðarbeiðanda um að fá heimild til þess að ættleiða son gerðarbeiðanda, fæddan á árinu 1946, segir barnaverndarnefnd Keflavíkur í öðru vottorði, dagsettu sama dag: „Nefndin hefur kynnt sér hag umsækjanda og komizt að raun um, að hann muni vel fær um að veita drengnum gott uppeldli og leggur því til, að leyfi til ættleiðingar verði honum veitt.“

Málið var að nýju hinn 22. marz 1958 sent Barnaverndarráði til umsagnar. Ráðið kynnti sér málið rækilega, rannsakaði aðstæður og ræddi við alla aðilja. Þann 11. júní 1958 var gerð

svohljóðandi samþykkt á fundi ráðsins: „Barnaverndarráð samþykkir, að Kolbrún Guðmundsdóttir fari til móður sinnar, svo framarlega að það getur orðið án þvingunar fyrir hana. — Til þess að svo megi verða, telur ráðið nauðsynlegt, að nú þegar sé unnið að endurnýjuðum kynnum móður og barns, t. d. með gagnkvæmum heimsóknum, enda sé fullnaðarúrskurður ekki felldur í málinu fyrr en ráðið telur sig hafa glögga hugmynd um, hvert verði muni samband þeirra.“

Prátt fyrir ítrekaðar tilraunir og milligöngu Barnaverndarráðs, tókst ekki að ná neinu samkomulagi um samskipti gerðarbeiðanda og barnsins og heimsóknir til barnsins höfðu ekki æskilegan árangur.

Barnaverndarráð leitaði álits skólanefndar Stokkseyrarhrepps, og segir svo í skýrslu nefndarinnar, dagsettri 9. september 1958: „Skólaefndin hefur kynnt sér aðstæður Þórunnar Tómasdóttur til að fóstora sonurdóttur sína. Eftir þá athugun telur nefndin, að barninu líði mjög vel hjá ömmu sinni. Allur aðbúnaður í bezta lagi, reglusemi, hreinlæti og gott atlæti og hverskonar móðurleg umhyggja er henni veitt. — Telpa hefur notið svo mikils ástrikis og umönnunar á heimili ömmu sinnar þau þrjú ár bernskunnar, sem hún hefur dvalizt þar, sem bezt sýnir í þeim þroska, sem hún hefur öðlazt til líkama og sálar. Lestrarnám sækist henni vel og þrúð er hún í skólanum. Telpa er vel klædd og frjálsleg í fasi, enda er sýnilegt, að barnið skortir ekkert það, sem börnum á þessum aldri er nauðsynlegt og hollt til þroska. — Þeir, sem þekkja Þórunni Tómasdóttur bezt, telja hana merkiskonu, sem óhætt er að treysta og trúa fyrir barni. Þó húsakynni séu ekki stór í Garðhúsum, er birta og ylur kringum barnið. Þórunn Tómasdóttir er vel gefin og þrekmikil kona og mun ekki liggja á liði sínu að hlynna að litlu telpunni, sem má ekki af ömmu sinni sjá. — Skólanefndin telur eftir ýtarlega athugun mjög vafasamt að jafn skýrt og tilfinningaríkt barn, sem Kolbrún litla er, myndi þola það að vera flutt nauðug burt úr þessu góða skjóli.“

Hinn 3. október 1958 gaf Barnaverndarráð síðan álit sitt í málinu, og segir þar á þessa leið: „Skemmst er af því að segja, að allar tilraunir til þess að koma nánú sambandi milli móður og barns hafa mistekizt. Ráðið hefur gert sér far um að kynnst sem bezt hugsun, tilfinningum og vilja barnsins sjálfs og hefur komizt að raun um, að það elur með sér mikinn ótta við að verða tekið frá ömmu sinni og flutt til móður sinnar og

manns hennar. Magnaðist þessi ótti við tilraun þá, sem móðir hennar gerði í sumar til þess að nema hana á brott í bíl með sér. Þykir ráðinu sennilegt, að ótti Kolbrúnar eigi einnig rót sína að rekja til minningar hennar frá þeim tíma, er hún dvaldist með móður sinni, þegar heimili hennar var í upplausn og óreiðu og erlendir menn voru þar tíðir gestir. — Það er þó skoðun ráðsins, að góð kynni geti tekizt með þeim mæðgum með tímanum, ef Kolbrún þarf ekki frammar að óttast, að móðir hennar heimti hana til sín, enda virðist Kolbrún bera hlýjan hug til móður sinnar, þótt hún vilji ekki flytjast til hennar. Komi það í ljós með tíð og tíma, að Kolbrún vilji fara til móður sinnar óþvingað og fúslega, sér ráðið ekkert því til fyrirstöðu. — Með hliðsjón af framansögðu leggur Barnaverndarráð eindregið til, að barnið Kolbrún Guðmundsdóttir hafi fyrst um sinn dvalarstað hjá ömmu sinni, Þórunni Tómasdóttur á Stokks-eyri, og sé ekki flutt þaðan án vitundar og samþykkis Barnaverndarráðs.“

Eiginmaður gerðarbeiðanda mun hafa sótt um leyfi til að ættleiða barnið. Í því sambandi segir í vottorði barnaverndarnefndar Keflavíkur frá 2. október 1958 á þessa leið: „Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér, vottar hún, að umsækjandi er í alla staði heiðvirður, vandaður og reglusamur maður og heimilishagur þeirra hjóna með ágætum.“

Gerðarþoli Þórunn Tómasdóttir er ekkja, fædd 20. júlí 1889. Hún hefur fyrir fógetadóminum lýst yfir því, að hún sé reiðubúin, á meðan henni endist líf og heilsa, til þess að fósttra Kolbrúnu Þórunni.

Kröfur sínar í máli þessu byggir gerðarbeiðandi á því, að með lögskilnaðarleyfi hennar og gerðarþola Guðmundar Jónasonar hafi henni verið fengið forræði barnsins. Hún ráði því persónulegum högum þess samkvæmt ákvæðum 1. mgr. sbr. niðurlag 2. mgr. 22. gr. laga nr. 95/1947. Barninu hafi verið komið til gerðarþola Þórunnar aðeins til skammrar dvalar og gerðarþolum hafi báðum verið kunnugt um, að hún ætlaði að taka barnið til sín, eins fljótt og hún gæti. Hún hafi bæði aðstæður og vilja til að veita barninu gott uppeldi og eiginmaður hennar sé því algerlega sammála, að hún taki barnið til þeirra og sé reiðubúinn að ættleiða það.

Gerðarþolar byggja kröfur sínar á því, að ófært sé að taka barnið nauðugt frá ömmu sinni, sem hafi alið það upp um langt skeið og hafi bæði vilja og heilsu til að láta fara vel um

það. Brotttaka barnsins mundi hafa stórskaðleg áhrif á sálarlíf þess. Hafa gerðarþolar í því sambandi bent á ákvæði 23. gr. lögræðislaganna. Þá hafa gerðarþolar véfengt, að gerðarbeiðandi geti veitt barninu svo gott uppeldi sem æskilegt væri.

Fógetadómurinn telur ljóst, að gerðarbeiðandi hafi að lögum forræði barnsins og ekki verður annað séð en að hún og eiginmaður hennar hafi aðstæður til að veita barninu gott uppeldi. Þegar hins vegar er virt álit Barnaverndarráðs frá 3. október 1958, verður að telja, að það kunní að hafa óheppileg áhrif á sálarlíf barnsins að taka það nauðugt frá ömmu sinni, gerðarþola Þórunni. Þykir því ekki rétt að taka barnið frá henni með beinni fógetagerð, enda fram komið í málinu, að hún hefur enn bæði getu og vilja til að ala barnið vel upp.

Samkvæmt þessu verður synjað um framgang hinnar umbeðnu fógetagerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð skal ekki fara fram. — Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 102/1957. Skarphéðinn Jóhannsson

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík, f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skarphéðinn Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.